




HAFNARFJÖRÐUR

ÍÐNAÐARHVERFI AUSTAN REYKJAVÍKURVEGAR - DEILISKIPULAGSBREYTING FLATAHRAUN 11 OG 13 - BREYTT AÐKOMA



FYRIR BREYTINGU - Í GILDI FRÁ 25.02.2015, MKV: 1:1000



EFTIR BREYTINGU, MKV: 1:1000

ALMENNT

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er gerð á uppdrætti. Forsendur breytingarinnar er þörf á bættu umferðaröryggi og umferðarflæði við Flatahraun.

TENGLI VIÐ ADRAR ÁÆTLANIR

Breytingarnar eru í samræmi við gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Eitt af aðalmarkmiðum aðalskipulags Hafnarfjarðar í samgöngumálum er að gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfi verði tryggt og að tryggðar verði samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir akandi og gangandi vegfarendur.

Breytingarnar eru innan svæðis skilgreint í aðalskipulagi sem athafnasvæði (AT1) og samfélagsþjónusta (S10). Eftirfarandi skipulagsákvæði eru í gildandi aðalskipulagi um gatnakerfið á svæðinu:
Þá er stefnt að endurhönnun á Flatahrauni, Reykjavíkurvegi frá Engidal, og Strandgata milli Lækjargötu og Flensborgartorgs hefur verið einur gerð í samræmi við aðalskipulagið.

DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR Í GILDI

Deiliskipulagsbreytingin tekur aðeins til lóðar nr.11 og 13 við Flatahraun. Deiliskipulagið er hluti af deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5.mars 1985, með breytingum á lóð Flatahrauns 11 samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2.5.2007 og með breytingum á lóð Flatahrauns 13 samþykkt af skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðar þann 25.02.2015.

DEILISKIPULAGSBREYTING

Breytingin er gerð til að bæta umferðaröryggi og umferðarflæði á Flatahrauni með því að hliðra innkeyrslu að Flatahrauni 13 til austurs og gera þannig skýrari hliðrun milli gatnamótanna við Alfáskeið og innkeyrslu að Flatahrauni 13. Breytingin bætir einnig aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda um gatnamótin.

BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI


- Hliðrun á innkeyrslu að Flatahrauni 13.
- Innkeyrsla inn að Flatahrauni 11 (lögreglustöð) færð og akstursstefnu og bílastæðum þar snúið við.
- Upphækkun göngubætur yfir Flatahraun. Flati hluti göngubætur er 6m með tilliti til þess að strætó ekur um götuna. Göngubæturin ekki merkt sem gangbraut.
- Núverandi göngustígur sunnan megin við Flatahraun tengdur við göngubæturina.
- Gönguleið í norður kanti Flatahrauns er betrubætt með nýjum stíg frá lögreglustöð að göngubætur yfir Flatahraun.
- Bíðstöð Strætó hliðruð vegna göngubætur yfir Flatahraun. Sér akrein fyrir Strætó, frá Alfáskeiði að göngubætur yfir Flatahraun, merkt Strætó.
- Miðeyjum lokað til að tryggja umferðaröryggi og gera skýrari sýn ökumanna á að ekki er hægt að taka hægri breytingu inn á Flatahraun 13.

BREYTINGAR Á TEXTA

- Kvæði um að gróður meðfram Flatahrauni sé ekki hærra en 1,0m til að hindra ekki sýn ökumanna.
- Kvæði um umferð á lóð nr. 13 frá lóð nr. 11 (lögreglustöð).

UMHVERFISÁHRIF

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi þar sem að breytingarnar á gatnamótunum tryggja betra umferðaröryggi fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð. Breytingin er ekki talin hafa áhrif á aðra umhverfisþætti.



HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJARÐAR 2013 - 2025

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Akstursstefna
- Strætórein
- Ný / betrubætt gönguleið
- Bíðstöð Strætó

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur málsmeðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann 21.5.2019

Hafnarfjarðarbær
Deiliskipulagsbær
f.h. skipulags- og byggingarráðs þann 21/5 2019

f.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann ____ 20__

Tillaga var auglýst frá 2.4.2019 með athugasemdafresti til 13.5.2019

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 20__

ÍÐNAÐARHVERFI AUSTAN REYKJAVÍKURVEGAR

DEILISKIPULAGSBREYTING
FLATAHRAUN 11 OG 13 - BREYTT AÐKOMA

Mælikvæði 1:1000	Blaðstærð A3	Tölning nr. 001
Dagur 04.02.2019	Málsnr.:	Talning af ERS